

REGLUR um radió-leyfi áhugamanna.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar, dags. 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála eru hér með settar eftirfarandi reglur um radió-leyfi áhugamanna:

1. gr.

Umsókn um leyfi til að setja upp eða reka radióstöð áhugamanna, skal senda póst- og símamálastjórninni, og skal taka fram fæðingardag, heimilisfang, ásamt vottorðum um próf, sbr. 4. gr. hér á eftir.

2. gr.

Umsækjandi um radió-leyfi áhugamanna skal:

1. vera íslenzkur ríkisborgari,
2. vera fullra 16 ára,
3. vera skráður útvarpsnotandi,
4. hafa lokið prófi, sbr. 3. gr., er póst- og símamálastjóri tekur gilt,
5. vera félagi í Félagi íslenzkra radió-amátöra.

3. gr.

1. Smíðaleyfi, þ. e. leyfi til þess að setja saman og setja upp til eigin afnota radióviðtæki og senditæki og loftnet til morse-viðskipta við aðra áhugamenn.
2. Tal-leyfi, þ. e. leyfi til að hafa talviðskipti við aðra áhugamenn. Í þessum reglum er aðeins átt við áhugamenn, er hafa leyfisbréf.

4. gr.

Prófkjöfur eru þessar:

- a. í helztu atriðum í lögum um fjarskipti og tilheyrandi reglum varðandi radióviðskipti, svo og í þeim greinum alþjóðaradióreglugerðarinnar, er snerta stöðvar áhugamanna og neyðarviðskipti, svo og gildandi reglum um raforkuvirki,
- b. í viðtöku og sendingu morse-merja (60 bókstafir/mín.), í leikni í viðskiptum og notkun algengustu Q-skammstafana,
- c. í undirstöðuatriðum raffræði og radiótækni, leikni í stillingu senditækja, bylgjumælinga, o. þl. (Bóklega verður krafizt svipaðrar þekkingar og felst t. d. í hinum bandarísku radió-handbókum fyrir áhugamenn). Verklega verður krafizt leikni í meðferð mælitækja, vönduðum frágangi, öryggi í stillingu tækjanna o. þl. Símrítarar, símverkjar, loftskeytamenn og útvarpsverkjar þurfa ekki að taka próf í því, er þeir hafa tekið fullnægjandi próf í

áður að viðstöddum prófdómara frá póst- og símamálastjórninni, en rafmagnsverkfræðingum og rafmagnsfræðingum er hægt að veita smíða-leyfi án prófs í því, sem talið er undir c-lið, en þurfa hins vegar próf í því, sem talið er undir a- og b-lið.

2. Skilyrði fyrir tal-leyfi er, að hlutaðeigandi hafi áður fengið smíða-leyfi og hafi starfrækt lýtalaust, að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, morse-stöð í a. m. k. 6 mánuði.

5. gr.

Áhugamenn mega aðeins afla sér tækja sinna og radióefnis til þeirra með milli-göngu félags síns, en það snýr sér svo til póst- og símamálastjórnarinnar með beiðni um útvegum þess. Þeir mega ekki selja það eða afhenda öðrum án skriflegrar heimildar póst- og símamálastjórnarinnar.

6. gr.

1. Sendirinn skal vera stöðugur á öldutiðninni og eins laus við aukasveiflur og alþjóðareglur mæla fyrir um. Á öldutiðnum undir 30 Mrið/s má eingöngu nota plötuorku úr rakstraum með sem allra minnstum gárum og notkun A 2 (tónnótun) er bönnuð.
2. Uppsetning á vélum og tækjum (og loftnetum) skal vera í samræmi við gildandi reglur, bæði um radióstöðvar og um raforkuvirki. Áður en vélar eða tæki eru tekin í notkun eða tengd við rafveitukerfið skulu þau skoðuð af eftirlitsmönnum frá póst- og símamálastjórninni og frá rafmagnseftirliti ríkisins. Slík skoðun verður og að fara fram, hvenær sem breytt er gerð tækjanna eða hlutum í því, ef það getur haft nokkur áhrif á öryggi eða truflanahættu eða aðra eiginleika tækisins frá því, er getið er um í skýrslu skoðunarmanna.
3. Rafstraumsorkan á plötuna í síðasta mögnunarstigi má ekki vera meiri en 150 wött.
4. Á stöðinni verður að vera til nákvæmur öldutiðnimælir, sem er réttur á þeim öldutiðnum, sem sendirinn notar. Ef sendirinn er ekki krystalstýrður, verður stöðin einnig að hafa nægilega góðan bylgjumæli með sveiflufaka, sem er aðskilinn frá sjálfum sendinum.
5. Handhafi leyfisbréfs er skyldur til að fara eftir þeim reglum innlendum og alþjóðlegum, sem gilda á hverjum tíma um búnað og notkun sendisins.
6. Stöðinni er úthlutað kallmerki, sem byrjar á TF, síðan kemur tölustafur, sem ákveðst með tilliti til þess landshluta, sem stöðin er staðsett í, og síðan tveir bókstafir. Kallmerkið skal nota reglulega alltaf, þegar sent er og við lengri sendingar skal nota það með stuttu millibili.
7. Sendirinn er leyfður fyrir morse, tal eða hvort tveggja.
8. Sending má aðeins farafram á þeim öldutiðnum, sem ákveðnar eru í leyfisbréfinu.

Tíðnir stöðvanna verða fyrst um sinn ákveðnar innan eftirfarandi bylgju-sviða:

7000 — 7100	Krið/sek	Al	eingöngu
14000 — 14350	—	Al	og A3
21000 — 21450	—	Al	og A3
28000 — 29700	—	Al	og A3
144 — 146	Mrið/sek	Al, A2	og A3

7. gr.

1. Einungis þau viðskipti eru leyfð, er fjalla um tilraunirnar sjálfar, svo og þýðingarlítil persónuleg mál, o. þ. l., sem annars eru ekki send í skeytum eða símtölum,

2. Stöðina má ekki nota til að koma á framfæri eða taka á móti, beint eða óbeint, tilkynningum, fréttum, auglýsingum eða verzlunartilkynningum, eða á nokkurn hátt, sem orðið gæti til tjóns fyrir hið opinbera eða aðra aðila. Ef tekið er óviljandi á móti slíku má hvorki skrifa það, segja það né notfæra sér það á nokkurn hátt, heldur skal halda því stranglega leyndu.
3. Öll sending efnis til skemmtunar, fræðslu, auglýsinga eða áróðurs eða því um líkt, er bannað, hvort heldur það á upptök sín á stöðinni sjálfri eða er móttekið frá öðrum stöðum.
4. Handhafi leyfisbréfs ber ábyrgð á, að sending eða útbreiðsla gabb neyðarmerkja, neyðarkalla eða annarra tilkynninga í blekkingarskyni eigi sér ekki stað um tæki hans.
5. Það er bannað að hafa eða reyna að hafa viðskipti við stöðvar í löndum, þar sem slíkar viðskipti eða slíkar stöðvar eru ekki leyfðar.
6. Stöðin má ekki trufla önnur radió-viðskipti eða starfsemi opinberra stofnana, þar með talið íslenska ríkisútvarpið. Kostnað við að losna við slíkar truflanir skal eigandi sendisins greiða, hvort heldur er um að ræða nauðsynlegar breytingar á sendinum eða stöðinni, sem trufluð er.

8. gr.

Við stöðina skal halda dagbók, þar sem skrifað er, hvenær sending byrjar og hvenær hún hættir og við hvaða stöðvar skipt er á morse og á tali og yfirleitt allt sem gildi hefur til að dæma um notkun sendisins.

Leyfishafi er einnig skyldur til, hvenær sem er, að gefa þær upplýsingar, sem póst- og símamálastjórnin kynni að æskja, varðandi rekstur stöðvarinnar.

9. gr.

Ef radió-áhugamaður fær einhvern grun um, að stöð sem hann hlustar á, hafi ólögleg viðskipti, ber honum skylda til að tilkynna póst- og símamálastjórninni og félagsskap sínum það tafarlaust og eftir því sem hægt er að staðsetja hinn ólöglega sendi og tilkynna póst- og símamálastjórninni árangur af rannsókn sinni.

10. gr.

Sendinn má aðeins nota, þar sem tilgreint er í leyfisbréfinu. Eftirlitsmenn póst- og símamálastjórnarinnar geta hvenær sem er skoðað stöðina og radióefni það, sem áhugamaður hefur fengið í tilraunaskyni.

11. gr.

Leyfisgjald er kr. 300.00, sem greiðist við útgáfu leyfisbréfs, þar í innifalið skoðunargjald póst- og símamálastjórnarinnar. Fyrir 1. apríl hvers árs greiðist kr. 100.00 til framlengingar leyfisins fyrir yfirstandandi almanaksár.

Leyfið er bundið við ákveðinn stað. Flytji leyfishafi með starfsemina frá þeim stað, sem leyfið er bundið við, skal skoðun fara fram á nýja staðnum, leyfisbréfið endurnýjað með tilliti til flutningsins og bætist þá skoðunargjald, kr. 200.00, við framlengingargjald þess árs. Sömuleiðis, ef skoðun fer fram vegna breytinga, sbr. 6. gr. 2.

Séu leyfisgjöld ekki greidd í gjalddaga, fellur leyfið úr gildi.

12. gr.

Þegar póst- og símamálastjórnin telur það nauðsynlegt, getur hún lokað stöðinni, eða takmarkað notkun hennar, og einnig getur hún afturkallað leyfið. Greidd leyfisgjöld endurgreiðast ekki.

13. gr.

Leyfið fellur fyrirvaralaust niður, ef:

- a. um brot á reglunum er að ræða,
- b. handhafi leyfisins hættir að vera íslenskur ríkisborgari,
- c. leyfisgjald er ekki greitt á réttum tíma,
- d. leyfishafi greiðir ekki útvarpsnotendagjald sitt.

14. gr.

Póst- og símamálastjórnin getur um stundarsakir veitt undanþágu frá framangreindum ákvæðum til erlendra manna, er starfa á vegum ríkisstjórnarinnar, og setur þá sérstakar reglur í leyfisbréf til þeirra.

15. gr.

Leyfið gildir aðeins á friðartímum. Leyfishafi er á ófriðartímum skyldur til, ef þess er krafizt, að afhenda ríkinu umráð yfir radióefni sínu eða að láta innsigla það.

16. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, sbr. 4. gr. reglugerðar frá 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

17. gr.

Reglur þessar ganga í gildi 1. ágúst 1963. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um radióviðskipti áhugamanna frá 10. des. 1954.

Póst- og símamálastjórnin, 16. júlí 1963.

G. Briem.

S. Þorkelsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt tillögu borgarstjórnar Reykjavíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður bannaðar á Mýrargötu, norðanmegin.
2. Biðskylda á Eiríksgötu við Barónsstíg.
3. Aðalbrautarréttur á Skólavörðustíg.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 23. júlí 1963.

Sigurjón Sigurðsson.